

SÖLVABAKKI - URÐUNARSTAÐUR OG EFNISTAKA, BLÖNDUÓSBÆ

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar urðunar og efnistöku verði fyrst og fremst við bæinn Sölvabakka í Refasveit. Þau muni felast í sjónrænum áhrifum frá bæjarhúsum þar og hættu á að íbúar á Sölvabakka verði varir við lyktarmengun frá urðunarstaðnum, einkum þegar norðlægir vindar blása að sumarlagi.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif í nágrenni urðunarstaðarins verði mest meðan á uppbyggingu hans standi og fyrirkomulag sem geri ráð fyrir að grafa urðunarhólf niður í landið og hafa jarðvegshauga á lóð urðunarstaðarins ekki hærrí en 10 m, verði til þess að sjónræn áhrif urðunarinnar verði ekki veruleg. Fyrir liggur að fjarlægð urðunar frá bæjarhúsum á Sölvabakka verður nálægt lágmarksskilyrðum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Því telur Skipulagsstofnun brýnt að Norðurá bs. standi við áform um að haga vinnulagi við móttöku og urðun sorps þannig að það taki mið af vindafari hvern dag. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á loftgæði við bæjarhús á Sölvabakka verði tímabundin en þau verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur ljóst að við þéttingu á urðunarhólfi ætli Norðurá bs. að fylgja kröfum um verndun jarðvegs og vatns samkvæmt reglugerð um urðun úrgangs. Stofnunin telur að óvissa sé um hvort leirlag á botni urðunarhólfsins, sem ætlað er að nota sem náttúrulega þéttingu, muni uppfylla kröfur um lekt og þykkt jarðfræðilegra tálma samkvæmt sömu reglugerð. Stofnunin telur hins vegar að kröfur vegna starfsleyfis samkvæmt I. viðauka reglugerðarinnar eigi að tryggja að þéttingu á botni urðunarhólfsins verði fullnægt með öðru móti ef leirlagið reynist ekki uppfylla skilyrðin. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif urðunar og efnistöku á vatnafar svæðisins verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að verklag og vinnubrögð við rekstur urðunarstaðarins ráði alfarið hversu vel tekst til við að draga úr neikvæðum áhrifum urðunarinnar og efnistökkunnar við Sölvabakka. Því er mikilvægt að Norðurá bs. tryggi að allar áætlanir sem kynntar eru í matsskýrslu gangi eftir sem m.a. gera ráð fyrir að hafa skipulögð vinnubrögð við móttöku og urðun sorps, sigvatn verði vaktað og hreinsað og að reglulega verði fylgst með ástandi grunnvatns utan við urðunarstaðinn. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð urðun og efnistaka í landi Sölvabakka eins og hún er kynnt í matsskýrslu muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	4
3	AÐRIR KOSTIR	5
4	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	6
4.1	Áhrif á menn og samfélag	6
4.1.1	Landslag og sjónræn áhrif	6
4.1.2	Loftgæði og hætta vegna gasmyndunar.....	7
4.1.3	Fok á sorpi og ryki	8
4.1.4	Ásókn fugla og annarra dýra.....	10
4.1.5	Útivist og ferðamennska.....	10
4.1.6	Hljóðvist	11
4.2	Áhrif á náttúruferir	12
4.2.1	Vatnafar	12
4.2.2	Fuglalíf	14
4.2.3	Gróður	14
4.3	Áhrif á menningarminjar	14
4.4	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	15
5	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	15

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 9. desember 2009 sendi Efla hf. verkfræðistofa, f.h. Norðurár bs., frummatsskýrslu um urðunarstað og efnistöku í landi Sölvabakka í Refasveit, Blönduósbæ, til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 18. desember 2009 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 18. desember 2009 til 29. janúar 2010 á skrifstofu Blönduósbæjar, Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.efla.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fiskistofu, Flokkun Eyjafjarðar, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Eflu hf. verkfræðistofu.

Þann 22. mars 2010 sendi Efla hf. verkfræðistofa, f.h. Norðurár bs., matsskýrslu um urðunarstað og efnistöku í landi Sölvabakka í Refasveit, Blönduósbæ, til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Sölvabakki Blönduósbæ – urðunarstaður og efnistaka. Mat á umhverfisáhrifum. 2. desember 2009.

Önnur gögn: Eftirfarandi sérfræðiskýrslur voru sem fylgiskjöl:

Viðauki 1 – Gróðurfar, fuglar og annað dýralíf

1. Hjalti Þórðarson. Greinargerð – Gróðurfar á lóð Norðurár b.s. fyrir norðan Sölvabakka.
2. Valgeir Bjarnason. Skýrsla um gróðurfar á 8 stöðum í Austur Húnavatnssýslu sem koma til greina sem sorpurðunarstaðir.
3. Þórdís Vilhelmína Bragadóttir. Fuglalíf á fyrirhuguðum sorpurðunarstað við Sölvabakka í Refasveit.

Viðauki 2 – Jarðfræði og jarðmyndanir

Línuhönnun verkfræðistofa. Sölvabakki – fyrirhugaður urðunarstaður. Jarðfræðikönnun og jarðfræði.

Viðauki 3 – Fornleifar

Guðný Zoega. Sölvabakki – Urðunarstaður. Mat á umhverfisáhrifum. Greinargerð um fornleifar.

Viðauki 4 – Tillaga að mæliblaði fyrir lóð

Efla verkfræðistofa. Tillaga að mæliblaði fyrir lóð.

Viðauki 5 – Matstafla fyrir urðunarstaðakosti

Efla verkfræðistofa. Matstafla fyrir urðunarstaðakosti.

Umsagnir bárust frá:

- Blönduósbæ með bréfi dags. 6. janúar 2010.

- Skagabyggð með bréfi dags. 21. janúar 2010.
- Sveitarfélaginu Skagaströnd með bréfi dags. 25. janúar 2010.
- Sveitarfélaginu Skagafjörður með bréfi dags. 8. febrúar 2010.
- Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviði) með bréfi dags. 23. desember 2009.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. janúar 2010.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 8. janúar 2010.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. janúar 2010.

Engin umsögn barst frá Flokkun Eyjafjarðar.

Athugasemdir bárust frá:

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Sölvabakki Blönduósbæ – urðunarstaður og efnistaka. Mat á umhverfisáhrifum. 22. mars 2010.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Samkvæmt matsskýrslu er Norðurá bs. byggðarsamlag sex sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu og Skagafirði (Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd). Urðunarstaður samlagsins við Sölvabakka á að leysa af hólmi þrjá eldri urðunarstaði á þjónustusvæði Norðurár bs.; þ.e. við Skarðsmóa á Reykjaströnd, Neðri-Harastaði í Skagabyggð og Draugagil við Blönduós.

Fram kemur að á urðunarstað við Sölvabakka verði meðhöndlaður óvirkur- og almennur úrgangur frá sveitarfélögum Norðurár bs., en þar verði hvorki urðaður sláturúrgangur né tekið við spilliefnum. Við Sölvabakka verði jafnframt urðaður úrgangur frá sveitarfélögum við Eyjafjörð ef samningar takist milli Norðurár bs. og Flokkun Eyjafjarðar ehf. Samkvæmt matsskýrslu er áætlað að urðunarstaðurinn við Sölvabakka geti tekið við allt að 21.000 tonnum af úrgangi á ári í 30 ár, en stefnt sé að því að nota flokkun, endurnotkun og endurnýtingu úrgangs til að minnka sorp frá sveitarfélögum Austur Húnavatnssýslu og Skagafjarðar; einkum úrgang sem getur myndað gas og mengað sigvatn á urðunarstað. Því geri svæðisáætlun til ársins 2020 ráð fyrir að sorp af þjónustusvæði Norðurár bs. verði mest 11.000 tonn en stefnt sé að því að það verði 5.000 tonn á ári. Þessu til viðbótar verði árlega urðað allt að 10.000 tonn af sorpi frá þjónustusvæði Flokkun Eyjafjarðar ehf..

Í matsskýrslu kemur fram að lóð urðunarstaðarins verði um 30 ha að stærð og þar verði einnig komið fyrir þjónustuhúsi, vélageymslu og hreinsistöð, þar sem hreinsa eigi sigvatn áður en það verði losað í viðtaka. Metangasi, sem myndist, verði safnað og það brennt. Urðunarhólfið verði grafið út í 4-6 áföngum og fellt undir núverandi yfirborð landsins og verði hólfið mest um 20 m djúpt og úr því komi alls 1.260.000 m³ af jarðefnum, þar af um 600.000 m³ í fyrsta áfanga sem endast eigi í 4-5 ár. Gert sé ráð fyrir að um 360.000 m³ af jarðefnum verði nýtt í framkvæmdir í nágrenni urðunarstaðarins, t.d. í uppbyggingu Skagastrandarvegar, en mest af jarðefnunum verði nýtt við veglagningu að urðunarstað og vegbætur, gerð drens í botni urðunarhólfs og til að hylja sorp í lok hvers vinnudags. Fram kemur að jarðefni verði geymd í haug á lóðinni, sem áætlað sé að verði 7 m hár eftir fyrsta áfanga, en mest verði hæðin 10 m þegar öðrum áfanga ljúki. Hugsanlega verði jarðefnum þó hlaðið hærra, til að takmarka umfang jarðefnahausins á lóðinni.

Fram kemur að rekstur urðunarstaðar við Sölvabakka feli í sér störf þjónustu- og eftirlitsaðila, umferð sorpflutningatækja og þjónustu við þau. Eftir að rekstri ljúki

verði gengið frá svæðinu í samræmi við starfsleyfi og stefnt að því að ásýnd þess verði svipuð og hafi verið fyrir framkvæmdir. Að rekstri loknum hefjist 30 ára vöktun á sigvatni, grunnvatni og gasi auk þess sem fylgst verði með sigi og rofi í yfirborði urðunarhólfs. Mannvirki og búnaður verði loks fjarlægður af lóðinni þegar hætta á mengun hafi verið útilokuð.

Í matsskýrslu kemur fram að með byggingu urðunarstaðar við Sölvabakka sé ætlunin að uppfylla kröfur um hönnun, frágang og rekstur urðunarstaða samkvæmt reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Þá eigi einn urðunarstaður að vera hagkvæmari en sá kostur að byggja upp og reka þá urðunarstaði sem nú séu í rekstri á þjónustusvæði Norðurár bs..

3 AÐRIR KOSTIR

Í matsskýrslu kemur fram að kannaðir hafi verið 18 mögulegir urðunarstaðir á þjónustusvæði Norðurár bs.. Niðurstaða þeirrar greiningar hafi leitt í ljós að hentugast sé að hafa urðunarstað við Sölvabakka (svæði 5-B) og á Brimnesi í Skagafirði (svæði 2-A og 2-B). Helstu kostir Sölvabakka hafi verið:

- landrými,
- laus jarðlög,
- möguleiki að grafa urðunarhólf niður í landið,
- vísbendingar um þétt jarðlög (leir) til þéttingar á botni urðunarhólfs,
- möguleikar á framræsingum og meðhöndlun sigvatns,
- hentug fjarlægð að nærliggjandi bæjum (utan Sölvabakka) og
- svæðið sé þurrt.

Fram kemur að óvissa sé um hvort leirlög við Sölvabakka séu nægilega þétt til að safna sigvatni á botni urðunarhólfsins og að þar sé nægilega lygnt. Helstu kostir Brimnes hafi verið:

- landrými,
- laus jarðlög,
- möguleiki að grafa urðunarhólf niður í landið,
- vísbendingar um þétt jarðlög (leir) til þéttingar á botni urðunarhólfs,
- möguleikar á framræsingum og meðhöndlun sigvatns,
- lítil sjónræn áhrif og
- góðar veðuraðstæður.

Fram kemur að ekki hafi verið líkur á að eigandi Brimness samþykkti að hafa þar urðunarstað, en tekist hafi að semja við eiganda Sölvabakka.

Í matsskýrslu kemur fram að Sölvabakki hafi komið betur út en Brimnes miðað við ekna kílómetra fyrir hvert tonn úrgangs, sé miðað við þjónustusvæði Norðurár bs., þar sem akstur til Brimness muni fela í sér 19% meiri flutning en ef sorp yrði urðað við Sölvabakka. Sölvabakki sé hins vegar verri kostur ef sorp komi frá Flokkun Eyjafjarðar ehf. og muni það fela í sér 25% meiri flutning en ef sorp yrði urðað við Brimnes.

Fram kemur að í stað urðunar við Sölvabakka sé hugsanlegt að nýta áfram núverandi urðunarstaði við Blönduós (Draugagil) og Skagaströnd (Harastaðir).

4 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

4.1.1 Landslag og sjónræn áhrif

Samkvæmt matsskýrslu er íbúðarhúsið á Sölvabakka í tæplega 600 metra fjarlægð frá útmörkum lóðar urðunarstaðarins og önnur nærliggjandi íbúðarhús í 1-3 kílómetra fjarlægð. Fram kemur að urðunarstaðurinn sé á flötum mel ofan við sandfjöru, en frá fjöru að fjalli séu u.þ.b. 2,5 km breitt belti milli Skagastrandar og Blönduóss.

Fram kemur að landslagi svæðisins hafi áður verið breytt með vegagerð, framræingu, efnistöku og plægingu án þess að heildarform landsins hafi breyst mikið. Urðunarhólflið verði djúpt og losun og vinnsla úrgangs verði því að mestu leyti undir yfirborði landsins og lítið sýnileg. Þegar að því komi að efsti hluti urðunarhólfs verði fylltur að yfirborði, muni jarðvegsmanir gera vinnsluna lítið sýnilega. Jarðefni úr urðunarhólfi, sem haugsetja eigi tímabundið á framkvæmdasvæðinu, verði mótuð með mjúkum línnum og hæð hauga verði takmörkuð. Þá verði girðing umhverfis lóð urðunarstaðar úr opnu neti og grá að lit sem dragi úr sýnileika hennar. Að framkvæmdum loknum verði girðingin fjarlægð. Fram kemur að helstu mannvirki á urðunarstað verði gerð úr jarðvegi, sem tekinn sé úr urðunarhólfinu og muni falla vel að landslagi og því muni framkvæmdin ekki breyta ásýnd lands að neinu marki. Vegna urðunar sorps muni form landsins við Sölvabakka helst breytast vegna lagningar vegar að lóð urðunarstaðarins og þess að efni verði geymt tímabundið á lóð framkvæmdarinnar.

Í matsskýrslu kemur fram að fáir íbúar séu í sjónfæri frá fyrirhuguðum urðunarstað og ekki sé um vinsælt útivistarsvæði að ræða. Neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslag og sjónræn áhrif verði staðbundin og tímabundin og í heildina óveruleg en sjónræn áhrif verði þó talsverð neikvæð frá bænum Sölvabakka og næsta nágrenni hans þá helst meðan á uppbyggingu urðunarstaðarins standi. Veiðimenn við Laxá og göngufólk þar um slóðir muni lítið sjá til urðunarstaðarins þar sem það verði í flestum tilfellum neðar í landinu en lóð urðunarstaðarins muni standa. Eftir að rekstri urðunarstaðar ljúki ætti ásýnd svæðis að vera svipuð og var fyrir framkvæmdir og ummerki eftir urðun ættu að vera lítil þegar fram líði stundir

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni um frummatsskýrslu að hvorki liggi fyrir hvenær Skagastrandarvegur verði byggður upp né hver efnisþörfin verði og því sé ekki hægt að gefa sér að efni frá urðunarstað verði nýtt í framkvæmdina. Í matsskýrslu eigi að gera ráð fyrir að allt efni verði haugsett og gera grein fyrir áætlun um hvernig gengið verði frá því, þó svo kunni að vera að hluti efnisins verði síðar nýtt í framkvæmdir utan urðunarstaðarins.

Í svari Norðurár bs. kemur fram að miðað við áætlun um að 660.000 m³ af jarðefnum verði grafnir úr urðunarhólfinu verði um 200.000 m³ nýttir í tengslum við urðunina sjálfa á 30 ára rekstartíma hennar, þ.e. í vegi og vegbætur í tengslum við framkvæmdina, botndren og til að hylja sorp. Um 450.000-460.000 m³ verði eftir á lóð urðunarstaðarins ef önnur nýting finnst ekki á rekstartíma urðunarinnar. Gert sé ráð fyrir að öðrum áfanga við gröft urðunarhólfsins ljúki 5 árum eftir að framkvæmdir hefjist og þá verði búið að setja í haug allt efni sem ekki verði nýtt í tengslum við urðun sorps. Það efni sem komi úr urðunarhólfinu í síðari áföngum muni nýttast næstum allt í framkvæmdina sjálfa.

Fram kemur í svari Norðurár bs. að þegar öðrum áfanga framkvæmdanna ljúki sé ekki gert ráð fyrir að dreifa strax úr því efni sem verði haugsett til að draga úr fokhættu og hafa möguleika á að stækka urðunarhólfid til suðausturs, ef t.d. meiri úrgangur berst á urðunarstað eða jarðfræðilegar aðstæður leiði til þess að urðunarhólfid þurfi að vera grynna en áætlanir geri ráð fyrir. Einnig sé hugsanlegt að á urðunarstað þurfi að koma fyrir á lóðinni annars konar starfsemi sem tengist meðhöndlun úrgangs, t.d. jarðgerð lífræns úrgangs. Þá sé kostur að hafa jarðefni tiltækt ef t.d. gera þurfi manir til að skýla urðunarhólfinu fyrir vindi og til að draga úr sjónrænum áhrifum urðunarinnar. Ef í ljós komi að ekki verði not fyrir jarðefnin utan urðunarstaðarins verði efninu jafnað út samkvæmt því sem kynnt var í frummatsskýrslu en það verði í fyrsta lagi eftir að lokið verði við að fylla í annan áfanga urðunarhólfsins, um 12 árum eftir að rekstrartími hefjist. Við frágang verði reynt að halda náttúrulegu formi landsins eins og kostur verði og halli jarðvegshaugsins verði ekki meiri en 1:3 til að draga úr hættu á rofi meðan haugurinn verði græddur upp. Fullt samráð verði haft við landeinganda og skipulagsyfirvöld vegna frágangs jarðefnanna.

Skipulagsstofnun telur umfjöllun framkvæmdaraðila um landslag og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar fullnægjandi. Fyrir liggur að umhverfis fyrirhugaðan urðunarstað er landslag flatt og að miklu leyti melur. Skipulagsstofnun telur að með því að grafa urðunarhólf niður í landið og nota jarðvegsmanir til að draga úr ásýnd vinnslunnar ásamt því að tryggt verði að jarðvegshaugur sem komið verður fyrir á lóðinni verði ekki hærri en 10 m, muni urðunin falla að landslagi svæðisins. Fyrir liggur að ekki liggja vinsælar gönguleiðir um svæðið við Sölvabakka og fyrirhugaður urðunarstaður verður ekki sýnilegur veiðimönnum við Laxá á Refasveit, þar sem áin rennur lægra í landinu en urðunarstaðurinn mun standa. Frá Skagastrandavegi séð ætti urðunarstaðurinn að falla að landslagi melsins. Talsvert neikvæð sjónræn áhrif verða þó fyrir íbúa á bænum Sölvabakka og þá sem verða á ferð í nágrenni bæjarins. Skipulagsstofnun telur að mestu neikvæðu áhrifin verði meðan á uppbyggingu urðunarstaðarins standi en þau verði ekki veruleg eftir að rekstur hefst miðað við það að Norðurá bs. noti hentugt efni til að girða af framkvæmdasvæðið og jarðvegsmanir verði gerðar til þess að draga úr ásýnd vinnuvéla á svæðinu.

4.1.2 Loftgæði og hætta vegna gasmyndunar

Í matsskýrslu kemur fram að við urðun sorps við Sölvabakka verði notaður sorptroðari, sem raski sorphaugnum í urðunarhólfinu minna en ef notuð sé jarðýta. Einnig eigi að vinna lítið svæði sorphaugsins hverju sinni, hylja vinnsluflöt með jarðvegi í lok hvers vinnudags og svæðum sem lokað verði innan urðunarhólfsins verði ekki opnuð á ný.

Fram kemur að ekki verði tekið við sláturúrgangi á urðunarstaðnum og auk þess verði urðun á öðrum lífrænum úrgangi stýrt þannig að hún taki mið af vindátt hverju sinni. Áætlun Norðurár bs. geri ráð fyrir að draga úr myndun metans á urðunarstað miðað við núverandi aðstæður með því m.a. að skilja að garða- og timburúrgang og mögulega einnig lífrænan úrgang frá heimilum. Fram kemur að Norðurá bs. muni safna og brenna metangasi frá urðunarstaðnum á rekstrartíma en að rekstri loknum verði yfirborð urðunarhólfsins þakið mólta, sem líklega dragi úr því að metan frá urðunarstað sleppi út í andrúmsloftið.

Í matsskýrslu kemur fram að vestlægir vindar séu sjaldgæfir á svæðinu og því sé ólíklegt að lykt berist til austurs frá urðunarstað og í átt að Skagastrandarvegi og íbúðarhúsum í Kúskerpi og Lækjardal eða að fyrirhuguðu útivistar- og ferðamannasvæði í Laxárdal. Fjarlægð milli útmarka urðunarstaðarins og íbúðarhúss

á Sölvabakka verði um 560 m sem uppfylli reglugerð um lágmarksfjarlægð milli urðunarstaða og dvalarstaðar fólks. Í norðaustanátt að sumarlagi kunni lyktarmengun þó að berast til íbúðarhúsa á Sölvabakka og í Svangrund en samkvæmt rannsóknnum og viðmiðum sé ólíklegt að lykt finnist við íbúðarhús sem eru í 1.000 m fjarlægð eða meira frá urðunarstað. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að neikvæð áhrif urðunar á loftgæði verði tímabundin á einstökum svæðum en þau verði þó óveruleg. Í umsögn sinni um frummatsskýrslu telur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra bagalegt að ekki verði urðaður sláturúrgangur við Sölvabakka og að í frummatsskýrslu sé ekki gert ráð fyrir að brenna þurfi sóttmengaðan úrgang. Lagt er til að kannað verði hvort breyta megi samningi við landeiganda á Sölvabakka svo úr þessu verði bætt.

Í svörum Norðurár bs. kemur fram að reynt hafi verið að semja um þessi atriði við landeiganda. Landeigandi vilji hins vegar hafa samninginn óbreyttan og því muni sláturúrgangur ekki verða urðaður við Sölvabakka. Í svæðisáætlun Norðurár bs. 2007-2020 sé gert ráð fyrir að leitað verði leiða til þess að sláturúrgangur fari í endurvinnslu. Fram kemur að endurvinnsla sé starfandi á Sauðárkróki og Þveráreyrum í Eyjafirði, sem taki við sláturúrgangi. Þá muni Norðurá bs. vinna áfram að því að finna viðunandi lausnir varðandi meðferð sláturúrgangs.

Skipulagsstofnun telur ljóst að önnur íbúðarhús en bæjarhúsin á Sölvabakka og væntanlegt útivistar- og ferðamannasvæði í Laxárdal verði í öruggri fjarlægð frá urðunarstaðnum. Fjarlægð urðunar frá bæjarhúsum á Sölvabakka verður hins vegar nálægt lágmarksskilyrðum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og séu því líkur á að íbúar á Sölvabakka komi til með að finna fyrir lyktarmengun frá urðunarstaðnum einkum að sumarlagi þegar gera má ráð fyrir að ríkjandi vindur verði úr norðri. Samkvæmt reynslu eru sumurvindar þó tíðast hægir og því líklegt að óþefur finnist ekki oft við bæjarhúsin og það ástand vari stutt í hvert sinn. Samkvæmt vindmælingum á Þverárfjalli eru vestlægir vindar algengir þar allt árið og því ekki ólíklegt að vestlægir vindstrengir úr Norðurárdal geti borið óþef að bænum Sölvabakka. Skipulagsstofnun telur að verklag og vinnubrögð við rekstur urðunarstaðarins ráði alfarið hversu vel tekst til við að minnka líkur á að fólk á Sölvabakka finni fyrir lyktarmengun. Því er mikilvægt að Norðurá bs. tryggji að áætlanir um að draga úr urðun lífræns úrgangs gangi eftir þannig að möguleikar á lyktarmengun verði minni og einnig framleiðsla á metani vegna rotnunar slíks úrgangs. Einnig á þetta við um daglegt vinnufyrirkomulag við urðun sorpsins sem Norðurá bs. hyggst beita svo draga megi úr hættu á að óþef af sorpinu berist langar leiðir frá urðunarstaðnum. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á loftgæði við bæjarhús á Sölvabakka verði tímabundin en þau verði ekki veruleg.

4.1.3 Fok á sorpi og ryki

Í matsskýrslu kemur fram að við urðun sorps sé hættu á að ryk og úrgangur, t.d. pappír og umbúðir, fjúki þegar verið sé að tæma sorpbíla. Einnig geti sorp fokið af opnum vinnslufleti úrgangs, einkum áður en búið sé að þjappa sorpið endanlega. Þá geti ryk fokið úr efnishagum sem staðsettir verði á lóð urðunarstaðarins.

Fram kemur að urðunarhólfíð við Sölvabakka verði allt að 20 m djúpt og líkur séu á því að þar verði lítill vindur. Þegar vindar blási úr ríkjandi norðlægum og suðlægum áttum séu líkur á að þeir blási að mestu yfir urðunarhólfíð, en mögulegt sé að uppstreymi geti myndast efst í hólfinu þegar verið sé að vinna næst yfirborði þess og úrgangur fjúki þá burt. Ein hlið hólfins verði opin til norðvesturs um gil sem nái frá fjöru og að botni urðunarhólfs og í vestanátt muni vindur blása inn gilið og hættu sé á

að úrgangur nái þá að fjúka upp úr hólfinu. Vestlægar áttir séu hins vegar sjaldgæfar við Sölvabakka. Þá komi sterkir vindstrengir úr Laxárdal sem geti blásið ofan í urðunarhólfið en líklegt sé að vindur blási þar út gilið frekar en að valda uppstreymi og hættu á foki.

Fram kemur að þegar urðað verði efst í urðunarhólfinu sé mögulegt að skýla vinnslunni með því að gera manir úr þeim jarðefnum sem verði geymd á svæðinu. Stærð vinnsluflatar hverju sinni verði í lágmarki, sorptroðari muni reglulega dreifa úrgangi og þjappa hann til að festa niður eðlisléttan úrgang og í lok hvers vinnudags verði vinnsluflötur hulinn jarðvegi til að koma í veg fyrir fok sorps. Traust girðing verði utan um lóð urðunarstaðarins sem muni stöðva þann úrgang sem fokið geti upp úr urðunarhólfinu. Þá verði vegir og slóðar, sem ekki hafi bundið slitlag, rykbundnir reglulega. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telur að fok úrgangs og ryks frá urðunarstað muni valda óverulegum áhrifum.

Í umsögn Skagabyggðar um frummatsskýrslu kemur fram að með því að hylja vinnsluflöt með jarðefnum í lok hvers vinnudags sé verið að ódrýgja urðunarhólfið verulega. Rétt væri að athuga hvort hagkvæmara sé nota þess í stað dúk sem leggja megi yfir með vinnuvélum

Í svari Norðurár bs. kemur fram að jarðefni sem verði notað til að hylja sorpið sé haugsett nærri vinnslufleti og troðari með skóflu geti sjálfur flutt efnið. Þetta fyrirkomulag sé fljótlegra en að nota ábreiðu. Þá sé hætta á að ábreiðan fjúki ef hún er létt og einnig sé hætta á að hún rifni eða skemmist þegar hún sé dregin yfir vinnsluflötinn. Lagt er til að kannað verði hvor aðferðin sé hagkvæmari.

Í umsögn Skagabyggðar um frummatsskýrslu kemur fram að kanna ætti hvort heppilegra verði að bagga sorpið og hlaða því upp í stað þess að troða sorpið. Hætta sé á að troðið yfirborð sorpsins verði laust í sér og það fjúki.

Í svari Norðurár bs. kemur fram að bygging og rekstur böggunarstöðvar sé í öllum tilfellum dýrari lausn en að troða sorpið sem geri ekki sömu kröfur um tækjakost, mannvirki og starfskraft. Bent er á að þegar böggum hefur verið raðað upp í djúpu urðunarhólfi verði til opinn lóðréttur veggur sem erfitt sé að hylja dag frá degi, sem geti skapað vandamál varðandi lykt. Reynsla sýni að ef rétt er að staðið sé hægt að ná u.þ.b sömu þjöppun með troðara eins og með hefðbundinni böggun. Norðurá bs. telur að hagkvæmara sé að nota troðara en að bagga úrgang.

Skipulagsstofnun telur að það fyrirkomulag að grafa urðunarhólf niður í melinn við Sölvabakka muni dragi umtalsvert úr hættu á að sorp fjúki út fyrir lóð urðunarstaðarins. Samkvæmt vindmælingum í nágrenni hans eru vindar að jafnaði hægir á svæðinu og því ekki líklegt að aðstæður verði oft þannig að þær leiði til þess að sorp fjúki úr urðunarhólfinu, en hættan verði helst á þeim tímum þegar unnið verður efst í urðunarhólfinu. Vindmælingar hafa einnig leitt í ljós að nokkuð sterkur vindur getur blásið úr norðvestri að sumarlagi og úr þeirri átt er urðunarhólfið opið um gil, sem gengur upp í það frá fjörunni. Við þær aðstæður er líklegt að hætta skapist á að sorp fjúki út úr urðunarhólfinu. Skipulagsstofnun telur að verklag og vinnubrögð við rekstur urðunarstaðarins ráði alfarið hversu vel tekst til við að minnka hættu á að sorp fjúki út fyrir lóð urðunarstaðarins og einnig ryk. Því er mikilvægt að Norðurá bs. tryggji að umhverfis urðunarstaðinn verði hentug girðing sem hindri fjúkandi rusl og staðið verði við boðað verklag við daglega vinnu á svæðinu, svo sem að nota manir til að skýla vinnslunni, að vinnsluflötur hverju sinni verði ekki stór og hann verði hulinn jarðvegi í lok vinnudags auk þess sem slóðar verði rykbundnir

reglulega. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna vegna foks á sorpi og ryki verði ekki veruleg.

4.1.4 Ásókn fugla og annarra dýra

Í matsskýrslu kemur fram að urðunarstaðir dragi að sér fugla, en sjaldgæft sé að önnur dýr venji komu sína þangað (t.d. rottur, mýs, minkar og refir). Á svæðinu við Sölvabakka sé væntanlega mest af fugli og músum en lítið af mink og ref og hugsanlega engar rottur. Hugsanlega leiti mávar og hrafnar inn á urðunarstaðinn við Sölvabakka í leit að æti en önnur dýr verði þar ekki. Ef fugl nái í sýktan úrgang sé hætt á að hann beri sýkingu í vatnsból eða vatn sem notað sé til brynningar á dýrum. Þar sem sláturúrgangur verði ekki urðaður við Sölvabakka og kröfur til urðunar á sorpi og reksturs urðunarstaða muni leiða til þess að minna verði urðað af lífrænum úrgangi miðað við núverandi aðstæður sé líklegt að ásókn fugla á urðunarstað muni minnka með tímanum. Þá verði vinnsluflötur í urðunarhólfi hafður eins lítill og hagkvæmt sé hverju sinni og hann hulinn með jarðvegi í lok hvers vinnudags sem draga muni úr því að fuglar komist í úrganginn. Með því að grafa urðunarhólfið niður í melinn við Sölvabakka sé líklegt að fugl treysti sér ekki til að leita að æti ofan í djúpri holunni. Ef ofangreindar ráðstafanir dugi ekki til að halda frá fugli verði hljóðgjafar notaðir eða varnarnet strengt yfir losunarsvæðið. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telur að ágangur fugla og annarra dýra á urðunarstað verði lítill og áhrif þeirra á fólk verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur ljóst að urðunarstaður við Sölvabakka mun laða að fugla og önnur dýr, þar með talið rottur. Sú ráðstöfun að taka ekki við sláturúrgangi á urðunarstað mun draga úr ásókn dýra miðað við það sem gerist á urðunarstöðum þar sem allur úrgangur er urðaður. Til að minnka enn frekar aðdráttarafl urðunarstaðarins við Sölvabakka er mikilvægt að Norðurá bs. fylgi eftir boðaðri áætlun um að dregið verði úr urðun lífræns úrgangs á komandi árum. Telur Skipulagsstofnun að sú ráðstöfun verði áhrifaríkust til þess að minnka hættu á að dýrin beri sýkingu vötn og vatnsból. Fyrir liggur að í nokkurri fjarlægð frá fyrirhuguðum urðunarstað eru vötn og vatnsból og Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif urðunarinnar vegna ásóknar fugla og annarra dýra gætu orðið nokkur en áhrifin minnki þegar frá líði, ef dregið verður frekar úr urðun lífræns úrgangs við Sölvabakka.

4.1.5 Útivist og ferðamennska

Í matsskýrslu kemur fram að á svæðinu séu gönguleiðir til útsýnis- og sögustaða. Á Blönduósi sé íþróttamiðstöð og grasvellir fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Golfvöllur sé við bæinn Vatnahverfi og í vötnum þar nærri sé nokkur silungsveiði. Laxá á Refasveit sé vinsæl til stangveiði og markvisst hafi verið unnið að uppbyggingu veiðisvæða í ánni. Skammt norðan ósa Laxár sé sögustaðurinn Spánskanöf þar sem mikið fuglalíf sé í björgum og rif séu þar úti fyrir ströndinni. Fram kemur að Blönduósbær hafi ekki mótaða stefnu um ferðamennsku á svæðinu í kringum Sölvabakka og ekki sé áformað að reisa þar frístundabyggð eða sumarhús.

Fram kemur að frá urðunarstaðnum verði um 500 metrar í ósa Laxár á Refasveit og tæpir 900 metrar verði í gil árinna þar sem um fari veiðimenn og og annað útivistarfólk. Gilið liggja lægra í landi en fyrirhugaður urðunarstaður sem geri það að verkum að rekstur í tengslum við urðunina muni ekki trufla útivistarfólk eða veiðimenn. Á sumrin verði lyktarmengun þar takmörkuð því suðlægar áttir séu ekki algengar á svæðinu og umtalsverðar vegalengdir verði til helstu útivistar- og ferðamannastaða á svæðinu. Umferð í tengslum við urðunarstaðinn muni valda útivistarfólki minniháttar truflun og sjónrænum áhrifum, enda verði hún lítill og að

hluta til undir yfirborði landsins. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að áhrif urðunar verði óveruleg á útivist og ferðamennsku á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur ljóst að útivist og ferðamennska er lítið stunduð í næsta nágrenni fyrirhugaðs urðunarstaðar en í nokkurri fjarlægð þar frá er þó stunduð stangveiði í Laxá á Refasveit. Áin rennur um lægra land en þar sem urðunarstaðurinn verður staðsettur og urðunarstaðurinn ætti því ekki að vera sýnilegur veiðimönnum við bakka árinna. Á þeim tíma árs sem veiði er stunduð eru norðlægar vindáttir algengar og því ólíklegt að óþefur frá sorpi trufla veiðimenn. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif urðunar og efnistöku á útivist og ferðamennsku verði ekki veruleg.

4.1.6 Hljóðvist

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaður urðunarstaður við Sölvabakka sé ekki í alfaraleið og þar sé engin starfsemi sem valdi hávaða. Svæðið sé bert og flatt og með hart yfirborð. Hljóð muni því berast vel um svæðið, sérstaklega undan vindi. Vænta megi þess að meiri hávaði berist frá vinnutækjum á framkvæmdatíma en eftir að rekstur urðunarstaðarins hefjist, nema þegar hafist verði handa við nýja áfanga urðunar. Framkvæmdatími sé áætlaður 3-6 mánuðir en hver áfangi urðunar vari í 4-6 ár í senn.

Fram kemur að framkvæmdir á urðunarstað muni einkum felast í gerð vega og urðunarhólfs og tilflutningi á uppgröfnu efni með ýtum og flutningabílum. Hljóð við valtara með vibrator geti orðið allt að 116 dB, en við vegagerð verði valtarinn notaður til þjöppunar einungis lítinn hluta þess tíma sem vegagerðin muni taka. Hljóð við ýtu geti orðið allt að 100-105 dB, til samanburðar við traktor sem gefi frá sér 96 dB. Mest muni heyrast í ýtum í upphafi vinnu við að grafa urðunarhólfið, en lítið sem ekkert hljóð ætti að heyrast frá ýtum þegar dýpra verði komið í urðunarhólfið og unnið verði undir yfirborði landsins. Fram kemur að jarðvegsharpa gefi frá sér hljóð sem nemi 100–105 dB, en hún verði ekki stöðugt í gangi, en þegar hún verði í notkun gæti harpan þó gengið tímum saman. Vinna með gröfur verði að mestu niðri í urðunarhólfinu og ekki muni heyrast í þeim að ráði utan við lóð urðunarstaðarins. Vörubílar verði hljóðlátari en önnur tæki á verkstað. Fram kemur að ef íbúar á Sölvabakka verði fyrir ónæði á framkvæmdatíma verði gerð jarðvegsmön til þess að skerma af hljóðgjafa. Á framkvæmdatíma verði vinnutími starfsmanna í samræmi við ákvæði laga og reglna.

Fram kemur að á rekstartíma urðunarstaðarins muni mestur hávaði koma frá sorptroðara, 80-105 dB, en hann verði að mestu notaður niðri í urðunarhólfinu. Grafa verði notuð og einnig jarðvegsharpa, sem geti verið í gangi meðan verið sé að vinna efni. Harpan verði skermuð af með jarðvegsmön þannig að hávaði frá henni berist til lofts eða til hafs. Þá muni daglega koma á urðunarstaðinn nokkrir sorp- og vörubílar, en tíðni ferða verði lítil.

Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að hávaði frá urðunarstað verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða. Framkvæmdir vegna urðunarstaðarins við Sölvabakka og rekstur hans muni því hafa óveruleg áhrif á hljóðvist í nágrenni urðunarstaðarins.

Skipulagsstofnun telur að óhjákvæmilega muni íbúar á Sölvabakka heyra til vinnuvéla á urðunarstað og farartækja sem leið eiga um veginn frá Neðribyggðavegi og að urðunarstað. Ónæði af þessum völdum verði einkum fyrstu mánuðina meðan verið er að byggja upp aðstöðuna en síður eftir að rekstur urðunarstaðarins hefist. Í matsskýrslu er gefinn upp áætlaður hávaði við vinnutæki en ekki er ljóst hver hann

verður við húsvegg á Sölvabakka og því er ekki skýrt hvort hávaði muni standast viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Mikilvægt er að Norðurá bs. tryggi að manir sem settar verða á urðunarstað þjóni jafnframt því hlutverki að skýla íbúum á Sölvabakka við hávaða á þann hátt sem reglugerðin gerir kröfu um. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á hljóðvist verði nokkuð neikvæð á bænum Sölvabakka, einkum meðan á uppbyggingu urðunarstaðarins standi.

4.2 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

4.2.1 Vatnafar

Í matsskýrslu kemur fram að urðunarstaðurinn við Sölvabakka sé á blágrýtissvæði. Berggrunnurinn sé rúmlega 3 milljón ára gamall og hann sé þéttur, þó í honum séu sprungur sem leiði vatn. Fram kemur að engin stöðuvötn séu í nágrenni við Sölvabakka og engar ár eða lækir renni um svæðið. Neðan við fyrirhugaðan urðunarstað sé rofgil í sjávarbakkanum og um það renni lækur til sjávar. Við ströndina sé grunnvatnsborð berggrunnssins við sjávarmál og hækki það inn til landsins allt að vatnaskilum á miðju hálandi Íslands, milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Gera megi ráð fyrir að annað grunnvatnsborð sé ofan á þéttu leirlaginu. Fram kemur að vatn sem berist inn á svæðið sé helst úrkoma sem hripi niður í gljúpan jarðveginn og seytili til strandar í sandlögum ofan á leirlaginu og leki út úr sjávarbökkum neðan við Sölvabakka. Ársúrkoma á svæðinu sé þó lítil (um 500 mm á ári) og því sé grunnvatnsborð svæðisins lágt og straumur grunnvatns um það hægur.

Í matsskýrslu kemur fram að á lóð urðunarstaðarins verði geymdur 2.000-4.000 lítra olíutankur og lager verði fyrir smur- og glussaolíur í þjónustuhúsi. Olían og sigvatn frá úrgangi geti mengað grunnvatn undir urðunarstað og á belti út frá honum til sjávar. Jarðvatn sem seytili á yfirborði leirlagsins geti mengast af olíu og hætta sé á að mengun berist í Dalalæk, sem sé sunnan Laxár. Næsta vatnsból við fyrirhugaðan urðunarstað sé ofan við Skagastrandarveg og því engin hætta á að þau mengist. Fram kemur að magn sigvatns sem myndist í urðunarhólfi ráðist af því hve mikil úrkoma falli á svæðið og nái að seytila um úrganginn. Úrkoma við Sölvabakka sé lítil miðað við aðra staði á landinu og því muni lítið sigvatn myndast á fyrirhuguðum urðunarstað. Miðað við fyrirhugað kerfi á söfnun og meðhöndlun sigvatns séu litlar líkur á að grunnvatn mengist en fari svo muni áhrifa mengunar gæta á takmörkuðu svæði þ.e. vestan við urðunarstaðinn og niður að sjó. Ef sigvatn berist í yfirborðsvatn muni það þynnast og áhrif þess verða hverfandi. Þá eru taldar litlar líkur vera á mengun vegna olíu en ef leki verði frá olíugeymum á svæðinu verði sérstakri viðbragðsáætlun fylgt. Fram kemur að leysingavatni verði veitt frá urðunarhólfi til að koma í veg fyrir að sigvatn mengi jarðveg, grunnvatn og yfirborðsvatn. Ræsi verði gerð í Neðribyggðarveg og veituskurður gerður til að beina leysingavatni suður fyrir urðunarstaðinn og til Dalalækjar þar sem vatnið muni renna um rofgil til sjávar. Til að draga úr myndun sigvatns vegna úrkomu verði flatarmál urðunarhólfs haft eins lítið og unnt verður og hliðarflái hólfsins verði klæddur með þéttidúk en botn þess hafi náttúrulega botnþéttingu (10–15 m þykkt leirlag) með um 2% halla í átt að sjó. Ofan á leirlagið verði sett gróf mól til að veita sigvatni frá botni urðunarhólfsins og þaðan verði vatnið leitt með drenleiðurum að hreinsistöð þar sem sigvatnið verði meðhöndlað. Ef leirlagið reynist halla að Dalalæk eða Laxá, verði gerður skurður í botn urðunarhólfsins sem leiði sigvatn stystu leið að hreinsistöðinni. Fram kemur að lekt leirlagsins verði prófuð og í kjölfarið ákveðið hvort auka þurfi þéttinguna. Utan við lóð urðunarstaðarins verði borhola notuð til að fylgjast með gæðum grunnvatns og sýni verði tekin reglulega í Dalalæk til mælingar á mengandi efnum. Þá verði fjárheld

girðing sett milli lóðar og fjöru til að koma í veg fyrir að búpeningur drekki jarðvatn sem seytili þar fram. Meðferð olíu á svæðinu verði samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að urðun og efnistaka við Sölvabakka muni hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra bendir á í umsögn sinni um frummatsskýrslu að ekki sé gerð grein fyrir hvaða efni verði hreinsuð úr sigvatni frá urðunarstaðnum. Samkvæmt reynslu heilbrigðiseftirlitsins sé ekki nauðsynlegt að gera ráð fyrir hreinsun á ákveðnum mengunarefnum frá urðunarstöðum á eftirlitssvæði embættisins. Flokkun úrgangs sé að verða almenn á svæðinu, notkun efna fari batnandi, spilliefni skili sér betur en áður og eftirlit hafi verið aukið. Ljóst þarf að vera hvaða efni verði í sigvatni frá fyrirhuguðum urðunarstað svo hanna megi árangursríkt hreinsimannvirki.

Í svari Norðurár bs. kemur fram að urðunarstaðurinn verði hannaður þannig að sigvatn verði í lágmarki og því safnað á einn stað þar sem hægt verði að taka sýni til efnamælinga. Sigvatn sé ólíkt frá einum urðunarstað til annars, sem rekja megi til t.d. tegundar og aldurs úrgangs og magn lífræns úrgangs. Urðunarhólfíð við Sölvabakka verði byggt upp í áföngum og hver áfangi muni nýtast til urðunar í nokkur ár. Í upphafi urðunar muni úrkoma falla á lítinn flöt af sorpi, en mestur hluti hennar falla utan við sorpið. Því muni hreint vatn blandast sigvatni frá sorpinu. Fram kemur að styrkur efna í sigvatni frá urðunarstöðum sé fyrst í stað lágur en aukist með tímanum, hann nái hámarki eftir nokkur ár en fari þá lækkandi. Gert sé ráð fyrir að úrgangur taki upp vatn og seinki því að sigvatn leki úr sorpi þannig að sigvatn verði lítið fyrstu 1-2 árin en muni þá aukast hægt og sígandi. Byggja eigi hreinsibúnað upp í þrepum og hann hannaður miðað við raunverulegt rennsli sigvatns og efnisstyrks þess. Á fyrirhuguðum urðunarstað verði strax settur upp lágmarksbúnaður til þess að hreinsa t.d. fitu og olíur úr sigvatninu og grófustu svifagnir verði felldar út í kerjum eða tönkum og þar verði góð aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhuguð urðun og efnistaka við Sölvabakka verður ekki á vatnsverndarsvæði og vatnsból eru ekki í hættu ef mengað sigvatn rennur frá urðunarstaðnum og til sjávar. Til að hindra að mengað sigvatn fari út í nærliggjandi jarðlög verður þéttidúkur settur á hliðarfláa urðunarhólfsins og í botni þess verði notað þétt leirlag sem talið er liggja þar undir 30-40 metra þykkum setbunka. Samkvæmt niðurstöðum sérstakrar rannsóknar á jarðfræði urðunarstaðarins er leir undir melnum talinn henta til að þetta botn urðunarhólfsins og safna sigvatni, en þó sé nauðsynlegt að mæla lekt leirlagsins. Niðurstöður slíkra mælinga eru ekki kynntar í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að þó ljóst sé að vatn renni ofan á leirlaginu og út úr sjávarbökkum fyrir neðan Sölvabakka er ekki víst að leirlagið muni uppfylla kröfur um lekt og þykkt jarðfræðilegra tálma samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun. Stofnunin telur hins vegar að kröfur vegna starfsleyfis samkvæmt I. viðauka reglugerðarinnar eigi að tryggja að þéttingu á botni urðunarhólfsins verði fullnægt með öðru móti, ef leirlagið reynist ekki uppfylla skilyrðin. Í ljósi þess að úrkoma á svæðinu er lítil miðað við annars staðar á Íslandi og grunnvatnsstaða er þar lág má gera ráð fyrir að myndun sigvatns verði minni en ella. Einnig mun nokkur tími líða frá því að urðun hefst og rennsli sigvatns nær hámarki, sem ætti að gefa Norðurá bs. og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra svigrúm til að ákvarða hvaða efni þurfi að hreinsa úr sigvatninu og setja upp áætlun um vöktun á mengun frá urðunarstaðnum. Með hliðsjón af framansögðu telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif urðunar og efnistöku á vatnafar svæðisins verði ekki veruleg.

4.2.2 Fuglalíf

Í matsskýrslu kemur fram að á svæðinu milli Laxár og Neðribyggðarvegur sé fuglalíf fábreytilegt. Tíu tegundir fugla hafi fundist í nágrenni við Sölvabakka, en fáir fuglar hafi fundist af hverri tegund. Þar séu grágæs og svartbakur, sem komi fyrir á valista Náttúrufræðistofnunnar Íslands, en ekki sé líklegt að fuglarnir verpi á svæðinu. Æðarfugl hafi fundist þar en engin ummerki um æðarvarp. Aðrar fuglategundir sem fundust séu líklegir varpfuglar á svæðinu og í nágrenni Sölvabakka (heiðlóa, kjói, maríuerla, rjúpa, sandlóa, spói og stelkur).

Fram kemur að vegna urðunarstaðarins við Sölvabakka muni varplönd og búsvæði fugla tapast og almennt fuglalíf truflast á svæðinu. Í nágrenni Sölvabakka séu búsvæði áþekkt þeim sem eru á fyrirhuguðum urðunarstað og miðað við lítinn þéttleika fugla ættu fuglar sem tapi búsvæði sínu að hafa möguleika á að færa sig um set. Engu að síður séu líkur til þess að fuglategundir eigi ekki afturkvæmt og aðrar komi í staðinn. Fram kemur að ekki sé talin þörf á mótvægisáðgerðum vegna fuglalífs á svæðinu þar sem það sé hvorki ríkulegt né verpi þar tegundir á valista (þ.e. grágæs og svartbakur). Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telur að þó áhrif á fuglalíf verði neikvæð meðan á uppbyggingu urðunarstaðarins standi verði áhrif hans á fuglalíf óveruleg þegar á heildina er litið.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fuglalíf svæðisins sé hefðbundið því sem víða finnst á melum og í mólendi á Íslandi og nýtur ekki verndar. Samkvæmt niðurstöðum Náttúrustofu Norðurlands vestra er þéttleiki fugla að líkindum lítill á svæðinu og þeir fuglar sem þurfi að flytja sig um set vegna framkvæmdanna við Sölvabakka gætu flutt sig um set og fundið sér ný búsvæði, en mögulegt sé þó að aðrar tegundir fugla komi í þeirra stað vegna sorpsins á urðunarstað. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð urðun og efnistaka við Sölvabakka muni ekki hafa veruleg áhrif á fuglalíf á svæðinu.

4.2.3 Gróður

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið við Sölvabakka og nágrenni þess einkennist af þurrum melum. Um 93% svæðisins sé rýrt mólendi eða lítt eða ógróið land. Jarðvegur sé þurr og haldi illa vatni í sér og því eigi gróður erfitt uppdráttar og undir högg að sækja vegna beitar. Fram kemur að plöntutegundir á svæðinu séu algengar á landvísu og engin þeirra sé á valista eða á lista yfir friðlýstar plöntur og svæðið hafi ekki sérstöðu varðandi tegundafjölbreytni. Stefnt sé að því að skila landinu í sama ástandi og tekið verði við því og uppgræðsla þess verði unnin í samráði við landeigendur og sérfræðinga. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að urðun og efnistaka við Sölvabakka muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á gróður en þau verði afturkræf og því verði áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif urðunar og efnistöku við Sölvabakka á gróður verði ekki veruleg.

4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að engar fornleifar séu innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, en nokkrar fornleifar séu í nágrenni þess. Leifar af tóftum og gördum séu rétt við urðunarstaðinn til suðvesturs, sem gert hafi verið ráð fyrir þegar svæðið var afmarkað. Vestan við svæðið, í um 6 metra fjarlægð frá mörkum urðunarstaðarins, sé hugsanlega stekkjartóft og svokölluð Sleipagata sé í um 7 metra fjarlægð frá suðvesturhorni hans.

Fram kemur að fyrirhugaður urðunarstaður muni ekki hafa bein áhrif á fornleifar. Nálægar minjar kunni að vera í hættu, sem girtar verði af og merktar á áberandi hátt meðan á framkvæmdum standi í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Í matsskýrslu kemur fram að Norðurá bs. telji að framkvæmdir vegna urðunar við Sölvabakka muni engin áhrif hafa á fornleifar.

Skipulagsstofnun telur að fornleifar verði ekki fyrir áhrifum af framkvæmdum þar sem ljóst er að þær er ekki að finna á lóð fyrirhugaðs urðunarstaðar. Fornleifar eru hins vegar nálægt lóðamörkum og því ber að gera ráðstafanir til þess að þær spillist ekki meðan á framkvæmdum stendur.

4.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna urðunar og efnistöku við Sölvabakka bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Urðun og efnistaka við Sölvabakka er í samræmi við svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu.
- Urðunarstaður við Sölvabakka er ekki á gildandi aðalskipulagi Blönduósbæjar en nýtt skipulag þar sem gert er ráð fyrir honum verður væntanlega auglýst á vordögum 2010.
- Gera þarf deiliskipulag fyrir urðun og efnistöku við Sölvabakka. Þar sem nýtt aðalskipulag liggur ekki fyrir þarf að leita til Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra um undanþágu og leyfi til að auglýsa deiliskipulagið samkvæmt 2. og 3. tölulið bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Blönduósbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem byggja þarf á deiliskipulagi urðunarsvæðisins. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf Norðurá bs. að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Norðurár bs., sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Fyrir liggur að val á urðunarstað á þjónustusvæði Norðurár bs. byggði á kröfum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Hönnun urðunarstaðarins við Sölvabakka og vinnulag á athafnasvæði hans, eins og því er lýst í matsskýrslu, verður einnig í samræmi við reglugerðina. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar

urðunar og efnistöku verði fyrst og fremst við bæinn Sölvabakka í Refasveit. Þau muni felast í sjónrænum áhrifum frá bæjarhúsum þar og hættu á að íbúar á Sölvabakka verði varir við lyktarmengun frá urðunarstaðnum, einkum þegar norðlægir vindar blása að sumarlagi.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif í nágrenni urðunarstaðarins verði mest meðan á uppbyggingu hans standi og telur mikilvægt að jarðvegsmanir verði notaðar til að draga úr ásýnd vinnslunnar á þeim tíma en einnig meðan á rekstri stendur. Skipulagsstofnun telur að það fyrirkomulag að grafa urðunarhólf niður í landið og hafa jarðvegshauga á lóð urðunarstaðarins ekki hærri en 10 m, verði til þess að sjónræn áhrif urðunarinnar verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að til að draga úr lyktarmengun við bæjarhús á Sölvabakka verði Norðurá bs. að tryggja að áætlanir sem kynntar eru í matsskýrslu gangi eftir. Varðar það m.a. áætlanir um að minnka magn lífræns úrgangs sem urðað verður á komandi árum sem dregur úr framleiðslu á metani sem myndast við rotnun slíks úrgangs. Fyrir liggur að fjarlægð urðunar frá bæjarhúsum á Sölvabakka verður nálægt lágmarksskilyrðum reglugerðar um urðun úrgangs. Því telur Skipulagsstofnun brýnt að staðið verði við áform um að haga vinnulagi þannig að það taki mið af vindafari hvern dag. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á loftgæði við bæjarhús á Sölvabakka verði tímabundin en þau verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur ljóst að við þéttingu á urðunarhólfi ætli Norðurá bs. að fylgja kröfum um verndun jarðvegs og vatns samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Stofnunin telur að óvissa sé um hvort leirlag á botni urðunarhólfins, sem ætlað er að nota sem náttúrulega þéttingu, muni uppfylla kröfur um lekt og þykkt jarðfræðilegra tálma samkvæmt sömu reglugerð. Stofnunin telur hins vegar að kröfur vegna starfsleyfis samkvæmt I. viðauka reglugerðarinnar eigi að tryggja að þéttingu á botni urðunarhólfins verði fullnægt með öðru móti ef leirlagið reynist ekki uppfylla skilyrðin. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif urðunar og efnistöku á vatnafar svæðisins verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að verklag og vinnubrögð við rekstur urðunarstaðarins ráði alfarið hversu vel tekst til við að draga úr neikvæðum áhrifum urðunarinnar og efnistökkunnar við Sölvabakka. Því er mikilvægt að Norðurá bs. tryggi að allar áætlanir sem kynntar eru í matsskýrslu gangi eftir sem m.a. gera ráð fyrir að hafa skipulögð vinnubrögð við móttöku og urðun sorps, sigvatn verði vaktað og hreinsað og að reglulega verði fylgst með ástandi grunnvatns utan við urðunarstaðinn. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð urðun og efnistaka í landi Sölvabakka eins og hún er kynnt í matsskýrslu muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 5. maí 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson